

## 3. gr.

11. gr. orðist svo:

Vegna barnsburðar skal kona eiga rétt á að vera fjarverandi með fullum launum í samtals 90 daga og skal um uppgjör fyrir yfirvinnu farið eftir ákvæðum 6. greinar. Séu lengri frátafir nauðsynlegar að dómi lækna, skal meta þær eftir ákvæðum um veikindadaga, sbr. 6. gr.

## 4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. 17. gr. laga nr. 38/1954, öðlast þegar gildi.

*Fjármálaráðuneytið, 20. desember 1974.*

**Matthías Á. Mathiesen.**

*Guðmundur Einarsson.*

Nr. 378.

12. desember 1974.

## REGLUGERÐ

um greiðslur almannatrygginga á lyfjakostnaði.

Samkvæmt 2. tölulið 4. gr. reglugerðar nr. 107 30. maí 1974 er sjúkrasamlögum heimilað að greiða samkvæmt ákvæðum 3. gr. reglugerðarinnar sérlyfið GAVISCON frá Ferring AB, sem er óskráð, en notað samkvæmt sérstakri heimild.

Þetta birtist til eftirbreytni þeim, er hlut eiga að máli.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 12. desember 1974.*

F. h. r.

**Páll Sigurðsson.**

*Almar Grímsson.*

Nr. 379.

19. desember 1974.

## REGLUGERÐ

um iðgjöld atvinnurekenda til lífeyrisdeildar almannatrygginga árið 1975.

Árið 1975 skulu iðgjöld atvinnurekenda samkvæmt 25. gr. laga nr. 67 1971 um almannatryggingar vera kr. 280.00 fyrir hverja tryggingaviku.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 67 20. apríl 1971, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 19. desember 1974.*

**Matthías Bjarnason.**

*Páll Sigurðsson.*

Nr. 380.

20. desember 1974.

## AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá Hitaveitu Dalvíkur nr. 284 11. desember 1970 með síðari breytingum.

4. gr. orðist þannig:

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

1. Fastagjald á mánuði verði kr. 375.00 fyrir hvern aðalhemil.